

Fimmtudaginn 11. júní 1998.

Nr. 518/1997.

Ákærvaldið(Bragi Steinarsson
vararíkissaksóknari)
gegn**Birgi Andréssyni**

(Jón Oddsson hrl.)

Þjófnaður. Húsbrot. Skilorðsrof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 19. desember 1997. Af hálfu ákærvalds er endanleg krafa sú, að héraðsdómur verði staðfestur.

Ákærði krefst þess, að milduð verði sú refsing, sem honum var gerð með hinum áfrýjaða dómi, og hún verði bundin skilorði eða ákveðin sem fésekt.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um sakfellingu ákærða. Fyrir Hæstarétt var lagt fram nýtt læknisvottorð um ákærða svo og gögn um, að hann hafi greitt bætur samkvæmt því, sem mælt var fyrir í héraðsdómi. Samkvæmt læknisvottorðum hefur ákærði gengist undir árangursríka meðferð á geðsjúkdómi og ekki neytt áfengis eða annarra vímuefna frá því í ágúst 1997. Þrátt fyrir þetta eru ekki skilyrði til að verða við fyrrgreindum kröfum ákærða, en við það verður að miða, að vistun hans við afplánun verði í samræmi við heilsu hans. Samkvæmt þessu verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um refsingu ákærða.

Ákærði verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Birgir Andrésson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000 krón-

ur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. nóvember 1997.

Ár 1997, föstudag 21. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Steingrími Gauti Kristjánssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 546/1997: Ákærvaldið gegn Birgi Andréssyni, sem tekið var til dóms í dag.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 22. júlí sl., á hendur Birgi Andréssyni, Fannafold 16, Reykjavík, fæddum 23. apríl 1959 (fæðingarnúmer 207), fyrir þjófnað sunnudaginn 25. maí 1997 með því að hafa stolið orðabók, að verðmæti 18.900 kr., í Bókabúðinni, Hlemmi, Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

14. október sl. höfðaði Egill Stephensen saksóknari í umboði lögreglustjórans í Reykjavík annað mál á hendur Birgi, með heimilisfangi að Fífuríma 7, Reykjavík, fyrir þjófnað og húsbrot, framin í Hveragerði aðfaranótt sunnudagsins 10. ágúst 1997, svo sem hér greinir:

I. Brotist inn í verslun Kaupfélags Árnesinga, Breiðamörk 24, og stolið þar 29 vindlingapökkum. Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Brotist í heimildarleysi inn í húsnæði Hveragerðisbæjar að Hveramörk 13. Telst þetta varða við 231. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Þá krefst Hveragerðisbær skaðabóta, að fjárhæð 20.000 kr.

Málin voru sameinuð við þingfestingu 12. þ. m. Ákærði gekkst þá skýlaust við sakargiftum og féllst á bótakröfu. Málið hefur verið rekið samkvæmt ákvæðum 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Það var dómtekið við þingfestingu, en endurupptekið í dag að ósk verjanda og lagt fram vottorð geðlæknis, sem kveður ákærða vafalítið haldinn geðsjúkdómi. Málflytjendur hafa tjáð sig um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga. Málið var dómtekið öðru sinni í dag.

EKKI hefur annað komið fram en ákærði sé sakhæfur. Ekkert bendir til annars en hann hafi aðhafst það, sem hann er sakaður um. Fullsannað telst með játningu ákærða, sem hefur næga stoð í rannsóknargögnum, að ákærði hafi framið þau brot, sem hann er ákærður fyrir og rétt eru heimfærð til refsíákvæða í ákeru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1976 hlotið fimm-

tán refsisdóma og gengist ellefu sinnum undir að greiða sektir. Þrisvar hafa fangelsisdómar yfir honum verið staðfestir í Hæstarétti. Hann hefur þannig verið fundinn sekur um brot gegn lögum og reglum um skotvopn og sprengiefni, siglingalögum, áfengislögum, fíkniefnalöggjöfinni og umferðarlögum. Þá hefur hann verið dæmdur fyrir nytjastuld, líkamsárás, þjófnað, fjársvik, skjalafals, nauðgun, og önnur kynferðisbrot. Ákærði hlaut fimmtán mánaða fangelsisdóm fyrir auðgunarbrot o. fl. 19. ágúst 1996, sem var staðfestur með dómi Hæstaréttar 24. október 1996. Hann hlaut reynslulausn af 240 daga eftirstöðvum fangelsisrefsingar 23. maí sl. Síðastnefndur dómur hefur ítrekunaráhrif í þessu máli, og telst ákærði hafa rofið skilorð reynslulausnarinnar. Við ákvörðun refsingar ákærða í máli þessu verður höfð hliðsjón af 42. gr., 60. gr., 1. mgr. 70. gr., 71. gr., 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt vottorði Grétars Sigurbergssonar geðlæknis er ákærði vafalítið haldinn affektívum geðsjúkdómi með langvarandi geðlægdum, sem hann sætir allflókinni geðlyfjameðferð við og reglubundinni viðtalsmeðferð hjá læknum. Hann hefur sótt fundi á vegum AA-samtakanna og tekið miklum stakkaskiptum á undanförunum mánuðum. Hann hefur reynt að vinna eftir mætti og er í sambúð með barnsmóður sinni, en þau eiga tveggja ára gamlan son. Læknirinn telur fangelsisvist munu verða ákærða óbærilega og geðlæknismeðferð í fangelsi óframkvæmanlega.

Pegar ferill ákærða er metinn og að hann hefur nú gerst sekur um þrjú brot, sem hvert um sig eru rof á reynslulausn, og að hann verður að teljast ábyrgur gerða sinna, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði.

Ákærði hefur valdið Hveragerðisbæ fjártjóni með refsiverðri háttsemi, og ber honum að bæta það að fullu. Bótakrafan þykir hæfileg og er tekin til greina að öllu leyti.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. tl. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 30.000 krónur í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns.

Guðjón Magnússon, fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, flutti málið af hálfu ákæruvalds.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Birgir Andrésson, sæti fangelsi í 12 mánuði og greiði Hveragerðisbæ 20.000 kr.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 30.000 krónur í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns.
